



Áfengi



Áhrif áfengis og vímuefna á barn

Áfengismisnotkun og vímuefnanotkun foreldra hefur afgerandi áhrif á þroska, hegðun og líðan barns.

„Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og bera foreldrar höfuðábyrð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna ... “
Barnasáttmálinn 27. grein.

Áhrif áfengis á brjóstgjöf

Ef móðir drekkur þá skilar hluti alkóhólsins sér í brjóstamjólkina.

Drekki móðir eitt léttvínsglas eða bjórglas tekur það líkamann um 2 klst. að losa sig við alkóhólið, tvö glös = 4 klst.

Ekki er hægt að flýta þessu ferli með vatns - eða kaffidrykkju, hvíld eða losun brjóstamjólkur.

Mikil áfengisneysla móður dregur úr mjólkurframleiðslu, barnið verður syfjaðra og drekkur minna. Það hefur áhrif á heilaproskann, dregur úr vexti barns og seinkar hreyfiþroska.

Nýfætt barn fæðist með óþroskaða lifur og þess vegna hefur alkóhól meiri áhrif á það. Það tekur þriggja mánaða gamalt barn helmingi lengri tíma að útskilja alkóhól úr líkamanum en þann sem er fullorðinn.

Ráðlagt er algjört bindindi á áfengi og vímuefni meðan barn er á brjósti